

## 1. Fundur starfshóps um endurskoðun frístundaheimila, frístundastyrkja og fyrirkomulags niðurgreiðslna og gjalda. Haldinn kl. 17 miðvikudaginn 19. nóvember 2014 að Strandgötu 6.

*Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Atli Þórsson, Karólína Helga Símonardóttir, Hörður Svavarsson, Adda María Jóhannsdóttir, Guðmundur Sverrisson og Rannveig Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.*

---

1. Formaður fór yfir erindisbréf starfshópsins. Rætt var um verklag og nauðsyn þess að ná þverpólítískri vinnu og nýta þá þekkingu sem fyrir hendi er í starfshópnum. Erindisbréfið gerir ráð fyrir viðamikilli vinnu sem nauðsynlegt er að þrepaskipta. Skoða þurfi hvort hægt sé að tengja starf fyrir börn í sveitarfélaginu betur saman og hvort t.d. sé hægt að tengja við læsisátak, íþróttaiðkun o.fl. Innihald starfs fyrir börn og ungmenni þurfi að tengja aldri. Fram kom að um framtíðarhóp er að ræða sem ekki ályktar um gjaldskrár og ekki er gert ráð fyrir fjármagni á næsta ári til breytinga eða þróunarvinnu.
2. Fundarmenn fóru yfir þær áherslur sem þeir telja að nauðsynlegt sé að huga að í starfi hópsins. Fram komu eftirfarandi athugasemdir:
  - Erindisbréfið sé öflugt en verkefnið mjög umfangsmikið.
  - Innihald frístunda og skólastarfs eigi að fara eftir aldri barna.
  - Vantar úrræðið fyrir fyrir þriðja og fjórða bekk.
  - Gera þarf góða greiningu og rýningu á því starfi sem fyrir hendi er.
  - Ræða þurfi við notendur um hvaða þjónustu þeir vilji fá.
  - Skoðað verði fyrirkomulag niðurgreiðslna m.a. frístundakort og fasta fjárhæð.
  - Greiðsluþátttöku foreldra verður að skoða.
  - Gott væri að hugsa verkefnið út frá því hvernig við myndum vilja standa að þjónustunni ef við hefðum frjálsar hendur og værum að byrja frá grunni.
  - Áhersla þurfi að vera á jafnan aðgang allra að þjónustunni.
  - Samþætta þurfi þjónustuna og stytta vinnutíma barna.
  - Ræða þurfi við börn og foreldra. Hvað upplifir starfsfólkið að betur sé hægt að gera.
3. Ákveðið að fá forvarnar- og tómstundafulltrúa á næsta fund starfshópsins með kynningu á því starfi sem fyrir hendi er á tómstundamiðstöðvum sveitarfélagsins.
4. Fastur fundartími starfshópsins verður annan hvern miðvikudag kl. 17. Gagnapakki verður sendur til hópsins fyrir næsta fund.

Fundi slitið kl. 18:30.

